

BORGARSTJÓRN 19. júní 2018: Tillaga borgarfulltrúa Sózialistaflokks Íslands um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 - R18060129

Lagt er til að 68. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar breytist þannig að 1. mgr. verði svohljóðandi:

Fulltrúum flokka í borgarstjórn sem ekki fá fulltrúa kjörinn í fastanefnd er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til þátttöku í fundum nefnda með málfrelsi og tillögurétt. Þessi heimild gildir ekki um fulltrúa í barnaverndarnefnd.

Greinargerð:

Breytingar sem gerðar voru á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar í apríl síðastliðnum takmarka um of aðgengi kjörinna fulltrúa í borgarstjórn að stjórnkerfi borgarinnar. Til að tryggja opið og lýðræðislegt stjórnkerfi er nauðsynlegt að breyta þessum samþykktum aftur og tryggja öllum borgarstjórnarflokkum, sem ekki hafa fulltrúa í ráðum og nefndum borgarinnar, áheyrnarfulltrúa í þessum nefndum og ráðum.